

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Fjarðarhornsár.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Fjarðarhornsár. Heimili þess, heimili formanns og varnarþing þess er á Patreksfirði, Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Fjarðarhornsá en þær eru Fjarðarhorn, Seljaland, Kléttur og Múli.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirlit með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar eða marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. febrúar 2002.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.